

Custers, Deveau og Turk gegn Danmörku

Dómur frá 3. maí 2007

Mál nr. 11843/03, 11847/03 og 11849/03

7. gr. Engin refsing án laga

Refsiheimildir. Lagastoð. Fyrirsjáanleiki. Varnarsvæði.

1. Málsatvik

Kærandur, Vincent Custers, hollenskur ríkisborgari, Olivier Deveau, franskur ríkisborgari, og Lawrence Martin Turk, bandarískur ríkisborgari, voru allir félagar í Greenpeace-samtökunum þegar atvik málsins áttu sér stað.

Sumarið 2001 tóku kærandur þátt í aðgerðum við Thule-herstöðina á Grænlandi í því markmiði að beina athygli alþjóðasamfélagsins að ratsjárstöð sem þar var staðsett og notuð í eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna. Þeir vildu jafnframt safna upplýsingum um hvaða áhrif herstöðin hefði á umhverfi sitt. Í kjölfar aðgerðanna voru kærandur dæmdir til sektargreiðslu og til að sæta upptöku eigna fyrir að hafa farið í leyfisleysi inn á varnarsvæði sem aðgangur var takmarkaður að. Um refsheimildir var vísað til stjórnvaldsreglna um ferðalög til og innan Grænlands sem og til hegningarlaga fyrir Grænland.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að þeim hefði verið refsað fyrir háttsemi sem ekki var lýst refsiverð í lögum þegar hún átti sér stað og að refsing þeirra væri því brot á 7. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Kærandur héldu því fram að ekki væri nægileg lagastoð fyrir refsheimild stjórnvaldsreglna um ferðalög til og innan Grænlands. Dómstóllinn tók fram að hann endurskoðaði ekki túlkun innlendra dómstóla á landsrétti nema um væri að ræða augljós brot eða handahófskennda beitingu landsréttar. Dómstóllinn taldi það skýrt af texta bæði eldri og yngri hegningarlaga fyrir Grænland og lögskýringargögnum með þeim, að í þeim væri að finna tímabundna lagaheimild til þess að kveða á um ákveðnar refsheimildir með stjórnvaldsreglum. Taldi dómstóllinn refsheimildina því hvorki skorta lagastoð né skorta nægilegan skýrleika og fyrirsjáanleika.

Kærandur héldu því einnig fram að þeir hefðu ekki vitað að svæðið sem þeir fóru inn á væri varnarsvæði. Varnarsvæðið var ekki skýrlega afmarkað á opinberum kortum né með girðingu. Á hefðbundnum aðkomuleiðum að varnarsvæðinu var að finna skilti um aðgangstakmarkanir, en kærandur nýttu ekki þær leiðir til að komast að varnarsvæðinu. Dómstóllinn taldi að kærendum hlyti að hafa verið ljóst að þeir væru á svæði herstöðvarinnar enda hefðu þeir skipulagt för sína vandlega með notkun GPS-staðsetningartækis, fylgst hefði verið með ferð þeirra á heimasíðu Greenpeace-samtakanna, myndir hefðu verið teknar af þeim þar sem þeir héldu á skiltum með herstöðina í bakgrunni myndanna, auk þess sem þeir hefðu verið handteknir nálægt byggingum herstöðvarinnar og ratsjárstöðvarinnar. Dómstóllinn taldi með vísan til þessa að kærandur hefðu átt að geta séð það fyrir að á svæðinu væri ekki heimil „frjáls för“ í skilningi hegningarlaganna og taldi því háttsemi kæranda svara til háttsemi sem lýst væri ólögmat í lögum með nægilega skýrum og fyrirsjáanlegum hætti.

Það var því einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 7. gr. sáttmálans.